

ÚTTEKT Á ÁRANGRI VERKEFNISINS
HUGSAÐ UM BARN



RANNSÓKNASETUR Í
BARNA-OG FJÖLSKYLDUVERND

Unnið í samstarfi við:



FÉLAGSVÍSINDASTOFNUN
HÁSKÓLA ÍSLANDS

Ásdís Aðalbjörg Arnalds
Halldór Sig. Guðmundsson
Friðrik H. Jónsson
Júní 2007



EFNISYFIRLIT

Efnisyfirlit.....	2
Framkvæmd, heimtur og marktekt.....	3
Bakgrunnsupplýsingar um svarendur.....	5
Bakgrunnsupplýsingar um svarendur.....	5
Niðurstöður.....	7
Viðhorf til kynlífs og barneigna.....	7
Kynfræðsla og umræða um kynlíf og barneignir.....	15
Kynhegðun unglínganna.....	17
Vímuefnaneysla.....	21
Reynsla af þátttöku í verkefninu <i>Hugsað um barn</i>	23
Umræða.....	32
Heimildir.....	34



FRAMKVÆMD, HEIMTUR OG MARKTEKT

Í þessari skýrslu eru birtar niðurstöður könnunar á árangri og viðhorfum til verkefnisins *Hugsað um barn* sem Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd og Félagssvísindastofnun Háskóla Íslands unnu fyrir ÓB-ráðgjöf, vorið 2007.

Framkvæmd: Rannsóknasetur í barna- og fjölskylduvernd, Félagssvísindastofnun Háskóla Íslands og ÓB-ráðgjöf höfðu samstarf um gerð spurningalista sem ætlað var að mæla árangur af verkefninu *Hugsað um barn* sem hóf göngu sína hér á landi haustið 2004. Nokkrar spurninganna voru þýddar og staðfærðar úr bandarískri rannsókn Barnett og Hurst (2004) á viðhorfum unglunga til notkunar raunveruleikabarns og rannsókn Roberts og McCowan (2004) á áhrifum raunveruleikabarnsins á viðhorf unglunga til kynlífs og getnaðarvarna. Aðrar spurningar voru samdar af starfsmönnum Rannsóknaseturs í barna- og fjölskylduvernd og Félagssvísindastofnunar. ÓB-ráðgjöf sá svo um að hafa samráð við grunnskóla bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess um fyrirlögn könnunarinnar. Sjö skólar tóku þátt í könnuninni. Þátttakendur af höfuðborgarsvæðinu komu úr Smáraskóla og úr einni bekkjardeild í Rimaskóla. Þeir skólar á landsbyggðinni sem tóku þátt voru; Myllubakkaskóli, Njarðvíkurskóli, Heiðarskóli, Hotaskóli og Grunnskóli Ólafsfjarðar. Nemendur í 10. bekk svöruðu könnuninni á vefnum í kennslustund á tímabilinu 20. apríl til 10. maí. Félagssvísindastofnun Háskóla Íslands sá um gagnaúrvinnslu.

Kannað var viðhorf nemenda í 10. bekk til kynlífs og barneigna ásamt því að spyrja nemendur um eigin kynhegðun og vímuefnaneyslu. Þeir nemendur sem tekið höfðu þátt í verkefninu *Hugsað um barn* voru spurðir um reynslu sína af þátttöku í verkefninu.


Heimtur: Foreldrar eða forráðamenn allra nemenda í 10. bekk ofantaldra skóla og bekkjardeilda veittu samþykki fyrir þátttöku barna sinna í könnuninni. Könnunin var því ætluð öllum þeim 276 nemendum sem skráðir voru í 10. bekk skólanna á þeim tíma sem könnunin fór fram. Svarendur voru 220 talsins en það er 79,7% svarhlutfall.



Úrvinnsla: Niðurstöður eru settar fram í myndum og töflum. Misjafnt er hve mörg svör eru á bak við einstaka töflur þar sem sumir luku ekki við spurningalistann og enn aðrir slepptu einstaka spurningum. Marktektarprófið k^2 -kvaðrat var notað til þess að greina hvort tölfræðilega marktækur munur væri á svörum við einstaka spurningum eftir kyni, búsetu og þátttöku í verkefninu *Hugsad um barn*. Ef tölfræðileg marktækt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum. Ein stjarna þýðir að marktækur munur sé á afstöðu miðað við 95% öryggi ($p < 0,05$), þ.e. að innan við 5% líkur að engin tengsl séu til staðar í þýðinu. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99,9% öryggi ($p < 0,001$).


BAKGRUNNSUPPLÝSINGAR UM SVARENDUR

Mynd 1 sýnir að stúlkur voru 52% svarenda en drengir 48%.




Mynd 1. Kyn svarenda.

Meirihluti svarenda (68%) var af landsbyggðinni (sjá mynd 2).



Mynd 2. Búseta svarenda.

Mikill meirihluti unglínganna sem tóku þátt í könnuninni (85%) hafði tekið þátt í verkefningu *Hugsað um barn* tveimur árum fyrir, eða þegar þeir voru í 8. bekk (sjá mynd 3).



Mynd 3. Þátttaka í verkefningu *Hugsað um barn*.



NIÐURSTÖÐUR

Í þessum kafla eru birtar niðurstöður mælinga á viðhorfum til kynlífs og barneigna, kynhegðun og vímuefnaneyslu unginganna og reynslu þeirra af þátttöku í verkefninu *Hugsað um barn*.

Viðhorf til kynlífs og barneigna

Nokkrar spurningar voru um hugmyndir um kynlíf og barneignir. Í töflum 1 til 20 má sjá hvernig svörin skiptust eftir kyni, búsetu og eftir því hvort þátttakendur höfðu tekið þátt í verkefninu *Hugsað um barn* þegar þeir voru í 8. bekk eða ekki.

Tafla 1 sýnir að helmingur unginganna var mjög eða frekar sammála því að mikilvægt væri að vera giftur eða í sambúð áður en til barneigna kæmi. Ekki reyndist munur á svörum eftir kyni, búsetu og þátttöku í verkefninu.

Tafla 1. Það er mikilvægt að vera giftur/í sambúð áður en maður eignast barn.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	51%	31%	18%	220
Kyn				
Drengur	48%	36%	16%	95
Stúlka	54%	27%	20%	112
Búseta				
Landsbyggðin	55%	26%	19%	139
Höfuðborgarsvæðið	42%	42%	16%	69
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	50%	30%	19%	161
Tók ekki þátt í verkefninu	55%	31%	14%	29

Ekki er marktækur munur á höpunum

Yfirgnæfandi meirihluti var mjög eða frekar sammála því að foreldrahlutverkið krefðist þroska, æfingar, ábyrgðar og að kostnaðarsamt væri að ala upp barn (sjá töflu 2). Þar sem dreifing svara við spurningum er vörðudu þessi atriði var mjög skekkt voru þær ekki greindar eftir bakgrunnspáttum.

Tafla 2. Hversu sammála eða ósammála ertu eftirfarandi fullyrðingum?

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Foreldrahlutverkið krefst þroska	95%	4%	1%	220
Foreldrahlutverkið krefst æfingar	82%	15%	3%	220
Foreldrahlutverkið krefst ábyrgðar	98%	1%	1%	220
Það er dýrt að ala upp barn	94%	5%	1%	220

Tafla 3 sýnir að mikill meirihluti þáttakanda (82%) taldi sig ekki tilbúinn til að eignast barn. Svarendur sem tekið höfðu þátt í verkefninu *Hugsað um barn* voru síður tilbúnir til barneigna en þeir sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu. Munurinn á hópunum var þó ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 3. Ég tel mig vera tilbúinn / tilbúna til að eignast barn.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	8%	10%	82%	220
Kyn				
Drengur	10%	9%	82%	93
Stúlka	6%	11%	83%	111
Búseta				
Landsbyggðin	9%	12%	78%	137
Höfuðborgarsvæðið	4%	6%	90%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	7%	8%	85%	159
Tók ekki þátt í verkefninu	7%	21%	71%	28

Ekki er marktækur munur á hópunum

Kannað var hvort þátttakendur teldu sig auðveldlega geta alið upp barn samfara námi. Mikill meirihluti (76%) var mjög eða frekar ósammála því að þeir ættu auðvelt með að gegna bæði hlutverki foreldris og námsmanns. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem tekið höfðu þátt í verkefninu *Hugsað um barn* en þeirra sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu voru ósammála því að þeir gætu auðveldlega alið upp barn og haldið áfram að mennta sig. Munurinn á hópunum reyndist þó ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 4).

Tafla 4. Ég gæti auðveldlega alið upp barn og haldið áfram að mennta mig.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	10%	13%	76%	220
Kyn				
Drengur	7%	15%	78%	92
Stúlka	14%	11%	76%	111
Búseta				
Landsbyggðin	13%	12%	75%	136
Höfuðborgarsvæðið	4%	16%	79%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	9%	11%	80%	158
Tók ekki þátt í verkefninu	14%	21%	64%	28

Ekki er marktækur munur á hópunum

Fjórðungur svarenda var mjög eða frekar sammála því að unglingar byrjuðu að hafa samfarir vegna þrýstings frá jafnöldrum sínum. Ekki reyndist munur á svörum eftir kyni, búsetu og þátttöku í verkefninu *Hugsað um barn* (sjá töflu 5).

Tafla 5. Unglingar byrja að hafa samfarir vegna þrýstings frá jafnöldrum sínum.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild				
	24%	43%	33%	220
Kyn				
Drengur	25%	42%	33%	95
Stúlka	23%	43%	33%	111
Búseta				
Landsbyggðin	25%	38%	37%	138
Höfuðborgarsvæðið	23%	52%	25%	69
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	25%	44%	31%	162
Tók ekki þátt í verkefninu	28%	38%	34%	29

Ekki er marktækur munur á hópunum

Einungis 3% þátttakenda voru mjög eða frekar sammála því að unglingar á grunnskólaaldri ættu að sleppa því að hafa samfarir. Ekki reyndist munur á svörum eftir bakgrunnspáttum (sjá töflu 6).

Tafla 6. Unglingar á grunnskólaaldri ættu ekki að hafa samfarir.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild				
	3%	36%	60%	220
Kyn				
Drengur	4%	31%	65%	94
Stúlka	3%	40%	57%	110
Búseta				
Landsbyggðin	4%	36%	60%	137
Höfuðborgarsvæðið	1%	37%	62%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	4%	35%	61%	160
Tók ekki þátt í verkefninu		41%	59%	29

Ekki er marktækur munur á hópunum

Meirihluti þátttakenda (70%) var mjög eða frekar sammála því að það væri í lagi fyrir 15 ára unglunga að hafa samfarir ef þeir væru í föstu sambandi. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem tekið höfðu þátt í verkefninu en þeirra sem ekki höfðu tekið þátt í því voru á þessari skoðun, en ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á hópunum (sjá töflu 7).

Tafla 7. Það er í lagi að 15 ára unglingar hafi samfarir ef þeir eru í föstu sambandi.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	70%	23%	6%	220
Kyn				
Drengur	68%	25%	7%	92
Stúlka	73%	21%	6%	110
Búseta				
Landsbyggðin	73%	21%	6%	137
Höfuðborgarsvæðið	65%	27%	8%	66
Verkefnið Hugsáð um barn				
Tók þátt í verkefninu	72%	21%	6%	159
Tók ekki þátt í verkefninu	57%	32%	11%	28

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tafla 8 sýnir að mikill meirihluti þátttakenda (78%) var mjög eða frekar sammála því að fólki bæri ekki að hafa samfarir nema að það treysti rekkjunaut sínum. Hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir voru á þessari skoðun en ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á kynjunum.



Tafla 8. Enginn skyldi hafa samfarir nema hann/hún treysti rekkjunaut sínum.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	78%	16%	6%	220
Kyn				
Drengur	71%	21%	7%	94
Stúlka	85%	10%	5%	111
Búseta				
Landsbyggðin	80%	14%	6%	138
Höfuðborgarsvæðið	74%	19%	7%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	79%	14%	7%	161
Tók ekki þátt í verkefninu	76%	24%		29

Ekki er marktækur munur á höpunum

Rúmur helmingur þátttakenda var hvorki sammála né ósammála því að getnaðarvarnir trufluðu kynferðislega nautn. Ekki reyndist tölfræðilega marktækur munur á svörum eftir bakgrunnspáttum (sjá töflu 9).

Tafla 9. Getnaðarvarnir trufla kynferðislega nautn.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	17%	53%	29%	220
Kyn				
Drengur	19%	59%	22%	95
Stúlka	16%	48%	35%	110
Búseta				
Landsbyggðin	19%	49%	33%	138
Höfuðborgarsvæðið	15%	63%	22%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	16%	53%	31%	161
Tók ekki þátt í verkefninu	21%	52%	28%	29

Ekki er marktækur munur á höpunum

Um tveir þriðju svarenda voru hvorki sammála né ósammála því að reynsla fólks af fyrstu samförum væri betri, því lengur sem beðið væri. Stúlkur og svarendur af landsbyggðinni voru frekar á þessari skoðun en drengir og svarendur af höfuðborgarsvæðinu. Ekki reyndist hins vegar marktækur munur á svörum eftir þátttöku í verkefninu *Hugsad um barn* (sjá töflu 10).

Tafla 10. Því lengur sem beðið er með að hafa fyrstu samfarir, þeim mun betri verður sú reynsla.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	26%	62%	12%	220
Kyn *				
Drengur	17%	62%	20%	93
Stúlka	34%	61%	5%	109
Búseta *				
Landsbyggðin	31%	56%	13%	135
Höfuðborgarsvæðið	16%	74%	10%	68
Verkefnið <i>Hugsad um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	24%	63%	13%	158
Tók ekki þátt í verkefninu	38%	59%	3%	29

* Marktækur munur er á hópunum, $p < 0,05$

Tafla 11 sýnir að hlutfallslega fleiri drengjum en stúlkum fannst eðlilegt að fyrstu samfarir ættu sér stað fyrir 16 ára aldur. Fjórðungur svarenda sem ekki hafði tekið þátt í verkefninu *Hugsad um barn* voru á því að eðlilegt væri að fyrstu samfarir ættu sér stað 14 ára eða yngri en sama sinnis var einungis tíundi hluti þeirra sem hafði tekið þátt í verkefninu. Munurinn á hópunum var þó ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 11. Á hvaða aldri finnst þér eðlilegt að fyrstu samfarir eigi sér stað.

	14 ára eða yngri	15 ára	16 ára	17 ára eða eldri	Fjöldi svara
Allir	13%	37%	43%	8%	181
Kyn					
Drengur	19%	40%	34%	8%	80
Stúlka	8%	35%	50%	8%	101
Búseta					
Landsbyggðin	16%	35%	42%	6%	128
Höfuðborgarsvæðið	4%	42%	43%	11%	53
Verkefnið Hugsað um barn					
Tók þátt í verkefninu	9%	40%	43%	8%	141
Tók ekki þátt í verkefninu	25%	29%	33%	13%	24

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tafla 12 sýnir að allir svarendur skilgreindu samfarir sem kynlíf en misjafnt var hvort þeir töldu munnmök og það að kyssast, kúra eða þreifa hvort á öðru ætti einnig heyrast undir kynlífsskilgreininguna. Ekki var mikill munur á afstöðu svarenda eftir bakgrunnspáttum en þó má nefna að rúmlega helmingur þeirra sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu *Hugsað um barn* skilgreindu munnmök sem kynlíf en það átti við um 39% þeirra sem höfðu tekið þátt í verkefninu.

Tafla 12. Hvernig skilgreinir þú kynlíf?

	Að kyssast	Að kúra	Að þreifa hvort á öðru	Munnmök	Samfarir	Fjöldi svara
Allir	22%	18%	33%	41%	100%	426
Kyn						
Drengur	18%	15%	31%	46%	7%	89
Stúlka	26%	21%	34%	38%	100%	109
Búseta						
Landsbyggðin	26%	23%	38%	45%	100%	133
Höfuðborgarsvæðið	13%	9%	24%	33%	100%	66
Verkefnið Hugsað um barn						
Tók þátt í verkefninu	23%	18%	31%	39%	100%	154
Tók ekki þátt í verkefninu	21%	21%	39%	54%	100%	28

Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100% og marktækt ekki reiknuð.



Kynfræðsla og umræða um kynlíf og barneignir

Afar misjafnt var hvort svarendur treystu sér til að tala um kynlíf við foreldra sína. Hlutfallslega fleiri svarendur af landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu treystu sér í kynlífsumræðu við foreldra sína og var munurinn á hópunum tölfræðilega marktækur (sjá töflu 13).

Tafla 13. Ég treysti mér til að tala um kynlíf við foreldra mína.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Mjög / frekar ósammála	Fjöldi svara
Heild	35%	30%	34%	220
Kyn				
Drengur	32%	36%	32%	94
Stúlka	39%	24%	37%	111
Búseta *				
Landsbyggðin	46%	26%	28%	138
Höfuðborgarsvæðið	15%	38%	47%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	34%	28%	39%	161
Tók ekki þátt í verkefninu	45%	34%	21%	29

* Marktækur munur er á hópunum, $p < 0,05$

Tafla 14 sýnir að tæp 90% þátttakenda voru á þeirri skoðun að fræðsla um foreldrahlutverkið ætti helst að fara fram í skólanum og rúmlega helmingi fannst hún ætti að fara fram inni á heimilum. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem tekið höfðu þátt í verkefninu *Hugsað um barn* en þeirra sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu voru á því að slík fræðsla ætti að fara fram í skólanum.

Tafla 14. Hvar ætti fræðsla um foreldrahlutverkið helst að fara fram?

	Í skólanum	Inni á heimilum	Fjöldi svara
Allir	88%	54%	283
Kyn			
Drengur	83%	62%	90
Stúlka	92%	48%	108
Búseta			
Landsbyggðin	89%	55%	132
Höfuðborgarsvæðið	85%	52%	67
Verkefnið Hugsað um barn			
Tók þátt í verkefninu	92%	51%	156
Tók ekki þátt í verkefninu	70%	70%	27

Þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100% og marktækt ekki reiknuð.

Tafla 15 sýnir að meirihluti svarenda hafði rætt um notkun getnaðarvarna við vini sína og að þriðjungur hafði rætt þessi mál við foreldra sína.

Tafla 15. Við hverja hefur þú rætt um notkun getnaðarvarna?

	Við foreldra mína	Við sistkyni mín	Við vini mína	Við kennara	Við félags- eða námsráðgjafa	Við aðra aðila	Ég hef ekki rætt við neinn	Fjöldi svara
Allir	35%	13%	63%	20%	9%	20%	18%	368
Kyn								
Drengur	30%	15%	48%	26%	13%	22%	27%	94
Stúlka	40%	12%	77%	15%	6%	18%	11%	111
Búseta								
Landsbyggðin	40%	14%	67%	21%	10%	22%	14%	138
Höfuðborgarsvæðið	25%	12%	56%	18%	7%	18%	25%	68
Verkefnið Hugsað um barn								
Tók þátt í verkefninu	31%	12%	64%	21%	9%	19%	19%	159
Tók ekki þátt í verkefninu	45%	21%	59%	14%	10%	21%	21%	29

Ekki er reiknuð marktækt þar sem nefna mátti fleira en eitt atriði

Kynhegðun unglínganna

Tæpur helmingur þátttakenda (44%) hafði haft samfarir. Marktækur munur var á því hvort þátttakendur höfðu haft samfarir eftir búsetu og var munurinn fólgin í því að hlutfallslega fleiri af landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu höfðu haft samfarir (sjá töflu 16).

Tafla 16. Hefur þú haft samfarir?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Allir	44%	56%	205
Kyn			
Drengur	40%	60%	92
Stúlka	47%	53%	112
Búseta *			
Landsbyggðin	51%	49%	137
Höfuðborgarsvæðið	31%	69%	68
Verkefnið Hugsað um barn			
Tók þátt í verkefninu	42%	58%	158
Tók ekki þátt í verkefninu	52%	48%	29

* Marktækur munur er á hópunum $p < 0,05$

Einn af hverjum átta svarendum var undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna við fyrstu samfarir. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem ekki höfðu tekið þátt í verkefninu en þeirra sem tekið höfðu þátt voru undir áhrifum við fyrstu samfarir. Munurinn á hópunum var þó ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 17).

Tafla 17. Varst þú undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna þegar þú hafðir samfarir í fyrsta sinn?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Allir	13%	87%	89
Kyn			
Drengur	16%	84%	37
Stúlka	12%	88%	51
Búseta			
Landsbyggðin	13%	87%	68
Höfuðborgarsvæðið	14%	86%	21
Verkefnið Hugsað um barn			
Tók þátt í verkefninu	12%	88%	68
Tók ekki þátt í verkefninu	21%	79%	14

Ekki er marktækur munur á hópunum

Meirihluti þátttakenda (74%) notaði getnaðarvarnir síðast þegar þeir höfðu samfarir. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem tóku þátt í verkefninu en þeirra sem ekki tóku þátt notuðu getnaðarvarnir við síðustu samfarir. Munurinn á hópunum var þó ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 18).

Tafla 18. Voru getnaðarvarnir notaðar síðast þegar þú hafðir samfarir?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Allir	74%	26%	89
Kyn			
Drengur	76%	24%	37
Stúlka	73%	27%	51
Búseta			
Landsbyggðin	76%	24%	68
Höfuðborgarsvæðið	67%	33%	21
Verkefnið Hugsað um barn			
Tók þátt í verkefninu	78%	22%	68
Tók ekki þátt í verkefninu	64%	36%	14

Ekki er marktækur munur á hópunum

Sjötíu og þrír nemendur svöruðu spurningunni um aldur við fyrstu samfarir, 30 drengir og 43 stúlkur. Þeir sem fyrstir byrjuðu að hafa samfarir voru 13 ára þegar fyrstu samfarir áttu sér stað, en það var 12% svarenda. Meðalaldur við fyrstu samfarir var 14,3 ár. Þessi meðalaldur mun hækka þegar fram líða stundir þar sem yfir helmingur þátttakenda var ekki þegar byrjaður að hafa samfarir. Tafla 19 sýnir að hlutfallslega stærsti hópurinn var 14 ára við fyrstu samfarir (47%). Hlutfallslega fleiri svarendur af landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu voru undir 15 ára aldri við fyrstu samfarir en vegna smæðar hópanna var ekki mögulegt að kanna hvort munurinn á þeim væri tölfræðilega marktækur.

Tafla 19. Hvað varstu gamall / gömul þegar þú hafðir samfarir í fyrsta sinn?

	13 ára	14 ára	15 ára	16 ára	Fjöldi svara
Allir	12%	47%	36%	5%	73
Kyn					
Drengur	17%	40%	37%	7%	30
Stúlka	9%	51%	35%	5%	43
Búseta					
Landsbyggðin	16%	49%	28%	7%	57
Höfuðborgarsvæðið		38%	63%		16
Verkefnið Hugsað um barn					
Tók þátt í verkefninu	12%	46%	36%	7%	59
Tók ekki þátt í verkefninu	10%	60%	30%		10

Ekki er marktækur munur á hópunum

Með því að sleppa þeim sem voru 13 ára við fyrstu samfarir við úrvinnslu gagnanna var unnt að kanna hvort verkefnið *Hugsað um barn* hefði átt þátt í að seinka fyrstu samförum þeirra sem ekki voru þegar byrjaðir að hafa samfarir þegar þeir tóku þátt í verkefninu. Ekki kom fram tölfræðilega marktækur munur á aldri við fyrstu samfarir þeirra sem voru eldri en 13 ára þegar sá atburður átti sér stað eftir þátttöku í verkefninu.



Þær stúlkur sem byrjaðar voru að hafa samfarir voru spurðar hvort þær hefðu orðið barnshafandi. Tvær stúlkur sögðu svo vera. Báðar voru stúlkurnar af landsbyggðinni. Önnur stúlnanna tók þátt í verkefninu þegar hún var í 8. bekk en hin ekki.

Stúlkurnar voru einnig spurðar hvort þær hefðu farið í fóstureyðingu. Einungis ein stúlka af þeim 52 sem svörðu spurningunni hafði farið í fóstureyðingu. Þessi stúlka hafði tekið þátt í verkefninu.

Loks voru stúlkurnar spurðar hvort þær hefðu tekið daginn eftir pilluna. Þriðjungur stúlkna sem höfðu haft samfarir höfðu tekið daginn eftir pilluna. Hlutfallslega fleiri úr hópi þeirra sem höfðu tekið þátt í verkefninu en þeirra sem ekki höfðu lokið þátttöku í því höfðu tekið daginn eftir pilluna. Munurinn á hópunum var hins vegar ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 20).

Tafla 20. Hefur þú tekið daginn eftir pilluna?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Allir			
	31%	69%	52
Búseta			
Landsbyggðin	28%	73%	40
Höfuðborgarsvæðið	42%	58%	12
Verkefnið Hugsað um barn			
Tók þátt í verkefninu	34%	66%	41
Tók ekki þátt í verkefninu	11%	89%	9

Ekki er marktækur munur á hópunum

Vímuefnaneysla

Í verkefninu *Hugsað um barn* fer fram fræðsla um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna og þess vegna var spurt um áfengis- og vímuefnaneyslu. Töflur 21 og 22 sýna að meirihluti unglinga hafði hvorki drukkið áfengi né orðið drukkinn á síðastliðnum 30 dögum og að ekki var marktækur munur á svörum eftir bakgrunnspáttum.

Tafla 21. Hversu oft á sl. 30 dögum hefur þú drukkið áfengi?

	Aldrei	Einu sinni til tvisvar	Fjórum sinnum eða oftar	Fjöldi svara
Heild	64%	21%	16%	220
Kyn				
Drengur	62%	22%	16%	93
Stúlka	65%	20%	15%	110
Búseta				
Landsbyggðin	65%	21%	13%	136
Höfuðborgarsvæðið	60%	19%	21%	68
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	63%	23%	14%	162
Tók ekki þátt í verkefninu	72%	10%	17%	29

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tafla 22. Hversu oft á sl. 30 dögum hefur þú orðið drukkinn?

	Aldrei	Einu sinni til tvisvar	Fjórum sinnum eða oftar	Fjöldi svara
Heild	71%	19%	10%	220
Kyn				
Drengur	71%	17%	12%	92
Stúlka	72%	19%	9%	109
Búseta				
Landsbyggðin	73%	19%	9%	135
Höfuðborgarsvæðið	67%	19%	13%	67
Verkefnið <i>Hugsað um barn</i>				
Tók þátt í verkefninu	71%	21%	8%	160
Tók ekki þátt í verkefninu	76%	10%	14%	29

Ekki er marktækur munur á hópunum

Mikill meirihluti þátttakenda (94%) hafði aldrei notað hass og álíka stór hópur (91%) hafði aldrei neytt annarra vímuefna en hass og áfengis (sjá töflu 23). Vegna þess hve dreifing svara við spurningum um neyslu á hassi og öðrum vímuefnum var skekkt, voru þær ekki greindar eftir kyni, búsetu og þátttöku í verkefninu *Hugsað um barn*.

Tafla 23. Hversu oft á sl. 30 dögum hefur þú notað hass?

	Aldrei	Einu sinni eða oftar	Fjöldi svara
Hve oft á sl. 30 dögum hefur þú notað hass?	94%	6%	220
Hve oft á sl. 30 dögum hefur þú notað önnur vímuefni?	91%	9%	220

Reynsla af þátttöku í verkefninu *Hugsað um barn*

Þeir sem höfðu tekið þátt í verkefninu *Hugsað um barn* voru spurðir um reynslu sína af þátttöku í verkefninu og viðhorf til þess.

Meirihluti svarenda (77%) var á því að það hefði verið krefjandi að hugsa um raunveruleikabarnið og skipti þá ekki máli hvort um var að ræða drengi eða stúlku (sjá töflu 24).

Tafla 24. Það var krefjandi að hugsa um raunveruleikabarnið.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	77%	16%	7%	220
Kyn				
Drengur	78%	16%	6%	69
Stúlka	77%	16%	8%	90
Búseta				
Landsbyggðin	73%	19%	8%	106
Höfuðborgarsvæðið	87%	9%	4%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tæplega fjórðungur svarenda var mjög eða frekar sammála því að auðvelt hafi verið að hugsa um raunveruleikabarnið. Ekki reyndist munur á afstöðu svarenda eftir kyni og búsetu (sjá töflu 25).

Tafla 25. Það var auðvelt að hugsa um raunveruleikabarnið.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	22%	24%	54%	220
Kyn				
Drengur	19%	26%	55%	69
Stúlka	25%	22%	53%	89
Búseta				
Landsbyggðin	24%	27%	50%	105
Höfuðborgarsvæðið	19%	19%	62%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tafla 26 sýnir að meirihluti þátttakenda (73%) var mjög eða frekar sammála því að það hafi verið tímafrekt að hugsa um raunveruleikabarnið. Ekki var tölfræðilega marktækur munur á afstöðu svarenda eftir bakgrunnspáttum.

Tafla 26. Það var tímafrekt að hugsa um raunveruleikabarnið.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	73%	16%	11%	220
Kyn				
Drengur	77%	14%	9%	69
Stúlka	70%	17%	13%	89
Búseta				
Landsbyggðin	68%	18%	14%	105
Höfuðborgarsvæðið	83%	11%	6%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum



Helmingur þátttakenda var mjög eða frekar sammála því að ekki hafi verið hægt að sinna tómtundum meðan á verkefninu stóð (sjá töflu 27).

Tafla 27. Meðan á verkefninu stóð gat ég ekki sinnt tómtundum.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	50%	22%	28%	220
Kyn				
Drengur	51%	22%	28%	69
Stúlka	49%	22%	28%	89
Búseta				
Landsbyggðin	50%	21%	29%	105
Höfuðborgarsvæðið	49%	25%	26%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum

Misjafn var hvort svarendur töldu þátttöku í verkefninu hafa átt þátt í að þeir einbeiti sér betur að námi sínu nú en áður en þeir hófu þátttöku í verkefninu. Stærsti hópurinn (43%) var hvorki sammála né ósammála þessari fullyrðingu (sjá töflu 28).

Tafla 28. Ég tel þátttöku í verkefninu hafa átt þátt í að nú einbeiti ég mér betur að náminu en ég gerði áður en ég tók þátt í verkefninu.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	21%	43%	36%	220
Kyn				
Drengur	26%	34%	40%	70
Stúlka	17%	49%	33%	87
Búseta				
Landsbyggðin	23%	44%	33%	105
Höfuðborgarsvæðið	17%	40%	42%	52

Ekki er marktækur munur á hópunum

Hlutfallslega flestir (46%) voru hvorki sammála né ósammála því að þátttaka í verkefninu hafi átt þátt í að bæta samskipti þeirra við foreldra sína (sjá töflu 29).

Tafla 29. Ég tel þátttöku í verkefninu hafa átt þátt í að bæta samskipti mín við foreldra mína.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	14%	46%	40%	220
Kyn				
Drengur	16%	41%	43%	70
Stúlka	13%	49%	38%	87
Búseta				
Landsbyggðin	13%	50%	37%	104
Höfuðborgarsvæðið	15%	38%	47%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum

Tafla 30 sýnir að helmingur unglínganna var frekar eða mjög ósammála því að þátttaka í verkefninu hafi seinkað því að þeir byrjuðu að hafa samfarir. Ekki reyndist munur á afstöðu svarenda eftir kyni og búsetu.

Tafla 30. Ég tel þátttöku í verkefninu hafa seinkað því að ég byrjaði að hafa samfarir.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	19%	31%	50%	220
Kyn				
Drengur	20%	28%	52%	69
Stúlka	18%	33%	48%	87
Búseta				
Landsbyggðin	19%	28%	53%	104
Höfuðborgarsvæðið	19%	37%	44%	52

Ekki er marktækur munur á hópunum

Meirihluti svarenda (58%) taldi þátttöku í verkefninu hafi hjálpað þeim að ákveða að þeir ættu að bíða með að eignast börn (sjá töflu 31).

Tafla 31. Ég tel þátttöku í verkefninu hafa hjálpað mér að ákveða að ég ætti að bíða með að eignast börn.

	Mjög / frekar sammála	Hvorki sammála né ósammála	Frekar / mjög ósammála	Fjöldi svara
Heild	58%	22%	20%	220
Kyn				
Drengur	56%	23%	21%	70
Stúlka	59%	22%	19%	88
Búseta				
Landsbyggðin	57%	23%	20%	105
Höfuðborgarsvæðið	58%	21%	21%	53

Ekki er marktækur munur á hópunum

Mikill meirihluti svarenda (78%) taldi foreldra sína hafa verið mjög eða frekar jákvæða í garð verkefnisins *Hugsað um barn*. Hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir töldu foreldra sína hafa verið jákvæða og var þessi kynjamunur tölfræðilega marktækur (sjá töflu 32).

Tafla 32. Hversu jákvæða eða neikvæða telur þú foreldra þína hafa verið garð verkefnisins?

	Mjög / frekar jákvæða	Hvorki jákvæða né neikvæða	Frekar / mjög neikvæða	Fjöldi svara
Heild	78%	15%	7%	220
Kyn *				
Drengur	67%	18%	15%	67
Stúlka	86%	13%	1%	88
Búseta				
Landsbyggðin	80%	14%	7%	103
Höfuðborgarsvæðið	75%	17%	8%	52

* Marktækur munur er á hópunum, $p < 0,05$

Einungis 8% unglínganna sögðu verkefnið hafa leitt til aukinnar umræðu um kynlíf á heimilum sínum. Hlutfallslega fleiri af landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu sögðu verkefnið hafa leitt til aukinnar umræðu um kynlíf á heimilinu, en munurinn á hópunum var ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 33).

Tafla 33. Leiddi þátttaka í verkefninu til aukinnar umræðu um kynlíf á þínu heimili?

	Já	Nei	Ég veit það ekki	Fjöldi svara
Allir	8%	74%	17%	155
Kyn				
Drengur	7%	75%	18%	68
Stúlka	9%	74%	17%	87
Búseta				
Landsbyggðin	12%	69%	19%	104
Höfuðborgarsvæðið	2%	84%	14%	51

Ekki er marktækur munur á hópunum

Rúmur fjórðungur svarenda sagði verkefnið hafa leitt til aukinnar umræðu um kynlíf í vinahópi sínum. Hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir og svarendur af landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu sögðu verkefnið hafa leitt til aukinnar umræðu um kynlíf í vinahópinum, en ekki kom fram tölfræðilega marktækur munur á hópunum (sjá töflu 34).

Tafla 34. Leiddi þátttaka í verkefninu til aukinnar umræðu um kynlíf í vinnuhópi þínum?

	Já	Nei	Ég veit það ekki	Fjöldi svara
Allir	27%	58%	16%	154
Kyn				
Drengur	21%	68%	12%	68
Stúlka	31%	50%	19%	86
Búseta				
Landsbyggðin	30%	57%	13%	103
Höfuðborgarsvæðið	20%	59%	22%	51

Ekki er marktækur munur á hópunum

Meirihluti svarenda (72%) fékk 9 eða hærra í einkunn fyrir að hugsa um raunveruleikabarnið. Hlutfallslega fleiri stúlkur en drengir fengu svo háa einkunn fyrir umönnun raunveruleikabarnsins og var munurinn tölfræðilega marktækur (sjá töflu 35).

Tafla 35. Hvaða einkunn fékkstu fyrir að hugsa um raunveruleikabarnið?

	Undir 8	8 - 8,9	9 - 10	Fjöldi svara
Heild	13%	15%	72%	220
Kyn *				
Drengur	22%	14%	64%	69
Stúlka	7%	15%	78%	87
Búseta				
Landsbyggðin	13%	13%	74%	104
Höfuðborgarsvæðið	13%	19%	67%	52

* Marktækur munur er á hópunum, $p < 0,05$

Tæpur tveir þriðju svarenda vildu sjá meiri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir í skólanum en þeir höfðu fengið (sjá töflu 36).

Tafla 36. Myndirðu vilja fá meiri fræðslu um kynlíf og getnaðarvarnir í skólanum en þú hefur fengið?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Heild	61%	39%	133
Kyn			
Drengur	54%	46%	59
Stúlka	66%	34%	74
Búseta			
Landsbyggðin	64%	36%	92
Höfuðborgarsvæðið	54%	46%	41

Ekki er marktækur munur á hópunum

Meirihluti svarenda (60%) taldi núverandi tímalengd verkefnisins vera hæfilega. Munur var á svörum eftir kyni og búsetu. Drengjum og svarendum á höfuðborgarsvæðinu fannst frekar en stúlkum og nemendum af landsbyggðinni þrjár sólahringar með raunveruleikabarninu vera of langur tími (sjá töflu 37).

Tafla 37. Fannst þér þrjár dagar og þrjár nætur með raunveruleikabarninu vera of stuttur tími, of langur eða hæfilega langur tími?

	Of stuttur tími	Hæfilega langur tími	Of langur tími	Fjöldi svara
Heild	20%	60%	21%	220
Kyn *				
Drengur	10%	57%	32%	68
Stúlka	27%	61%	11%	88
Búseta *				
Landsbyggðin	27%	56%	17%	104
Höfuðborgarsvæðið	6%	67%	27%	52

* Marktækur munur er á hópunum, $p < 0,05$

Mikill meirihluti (85%) var á þeirri skoðun að nægur tími hafi verið til umræðu um verkefnið í skólanum áður en raunveruleikabarnið var afhent (sjá töflu 38).

Tafla 38. Var nægur tími til umræðu um verkefnið í skólanum áður en þú fékkst raunveruleikabarnið í hendur?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Heild	85%	15%	125
Kyn			
Drengur	76%	24%	54
Stúlka	92%	8%	71
Búseta			
Landsbyggðin	84%	16%	87
Höfuðborgarsvæðið	87%	13%	38

Ekki er marktækur munur á hópunum

Alls sögðu 74% unglinganna nægan tíma hafa verið til umræðu um verkefnið í skólanum eftir að raunveruleikabarninu var skilað. Hlutfallslega fleiri svarendur af höfuðborgarsvæðinu en landsbyggðinni sögðu tímann hafa verið nægan en munurinn á hópunum reyndist þó ekki tölfræðilega marktækur (sjá töflu 39).

Tafla 39. Var nægur tími til umræðu um verkefnið í skólanum eftir að raunveruleikabarninu var skilað?

	Já	Nei	Fjöldi svara
Heild	74%	26%	119
Kyn			
Drengur	75%	25%	56
Stúlka	73%	27%	63
Búseta			
Landsbyggðin	69%	31%	85
Höfuðborgarsvæðið	85%	15%	34

Ekki er marktækur munur á hópunum



UMRÆÐA

Könnun sú er hér hefur verið greint frá gefur einhverjar vísbendingar um að umönnun raunveruleikabarns geti valdið breytingum á kynhegðun unglunga. Þessar vísbendingar má meðal annars sjá í að þeir unglingar sem höfðu tekið þátt í verkefninu *Hugsad um barn* höfðu síður haft samfarir, voru eldri við fyrstu samfarir og notuðu frekar getnaðarvarnir en þeir unglingar sem höfðu ekki tekið þátt í verkefninu. Munurinn á hópunum var þó ekki mikill og kann að vera til kominn vegna tilviljunar, enda tölfræðilega ómarktækar.

Takmarkanir könnunarinnar eru fyrst og fremst þær að mjög líttill hópur hafði ekki tekið þátt í verkefninu *Hugsad um barn* tveimur árum áður en spurningalistinn var lagður fyrir. Ástæða þess er að ekki náðist samstarf við fleiri skóla eða bekkjardeildir varðandi fyrirlögn könnunarinnar. Erfitt er að fá fram tölfræðilega marktækar niðurstöður þegar um fámenna hópa er að ræða. Ennfremur kann að vera að sá hópur sem ekki tók þátt í verkefninu hafi verið byggður upp af unglungum sem voru á einhvern hátt öðruvísi en þeir unglingar sem fengu raunveruleikabarnið í hendur. Til dæmis mætti spyrja sig að því hvað lá að baki því að þessir unglingar tóku ekki þátt í verkefninu þegar þeir voru í 8. bekk. Voru foreldrar þeirra mótfallnir þátttöku þeirra eða bjuggu þeir ekki á staðnum? Sömuleiðis mætti spyrja hvort þessir unglingar hafi e.t.v. verið jákvæðari í garð kynlífs og barneigna við upphaf verkefnisins en þeir unglingar sem luku þátttöku í verkefninu. Til að tryggja einsleitni þyrfti að fara fram tilviljunarskipting í hópana tvo. Að lokinni tilviljunarskiptingu væri æskilegt að mæla hópana til að ganga úr skugga um að ekki væri munur á kynhegðun þeirra eða viðhorfum til kynlífs og getnaðarvarna áður en annar hópurinn hæfi þátttöku í verkefninu. Komi fram munur á þessum þáttum eftir að þátttöku hópsins lýkur er tryggt að verkefnið hafi haft áhrif en ekki aðrir þættir. Hvorki var unnt að framkvæma tilviljunarskiptingu né fyrir- og eftirmælingu í þeirri könnun sem hér hefur verið til umfjöllunar þar sem vinna við þessa könnun hófst ekki fyrir en verkefnið var þegar farið af stað.

Þá má velta því fyrir sér hvað eigi að líða langur tími frá lokum verkefnisins þar til mæling fer fram. Í þessari könnun liðu tvö ár frá því unglingarnir tóku þátt í verkefninu þar til þeir svöruðu spurningalistanum. Leiða má líkur að því að áhrif verkefnisins dvíni með tímanum. E.t.v. hefði munurinn á viðhorfum þeirra sem tóku



þátt í verkefninu og þeirra sem gerðu það ekki verið meiri ef könnunin hefði verið gerð þegar unglingarnir voru í 9. bekk í stað þess 10.

Auðvelt ætti að vera að gera frekari mælingar á áhrifum verkefnisins *Hugsað um barn* þar sem vinna við gerð spurningalista er lokið og auðvelt að bæta og nýta hann við mælingar áður en verkefnið hefst hverju sinni og eftir að því lýkur.

Þrátt fyrir þá annmarka sem raktir hafa verið, er tilefni til að hvetja ÓB-ráðgjöf til áframhaldandi athugana á viðhorfum og/eða viðhorfsbreytingum barnanna til mikilvægra þátta og þar með að meta árangur verkefnisins *Hugsað um barn*.



HEIMILDIR

Barnett, J. E., and Hurst, C .S. (2004). Do adolescents take “Baby Think it Over” seriously? *Adolescence*, 39(153), 65-76.

Roberts, S. W., and McCowan, R. J. (2004). Effectiveness of infant simulators. *Adolescence*, 39(155), 475-487.